

12. fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 21. janúar, kl. 20:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Jósep Húnfjörð gjaldkeri. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sæunn Viggósdóttir fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna, Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslumála.

Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið.

Dagskrá:

1. Verkferla varðandi landsliðsval í áhaldafimleikum.

Sviðsstjóra landsliðsmála leggur fram eftirfarandi verkferla varðandi val á landsliði í áhaldafimleikum;

„Verkferlar varðandi landsliðsval í áhaldafimleikum.

- Landsliðsþjálfarar velja liðið í samráði við alþjóðlega dómara í undirnefnd TKV og TK.
- Landsliðsþjálfarar kanna stöðu keppanda hjá félagsþjálfara.
- Landsliðsþjálfarar senda ákvörðun sína til TKV og TK til upplýsinga.
- Landsliðsþjálfarar tilkynna ákvörðun sína, ásamt varamönnum til sviðsstjóra landsliðsmála.
- Sviðsstjóri sendir valið inn til stjórnar til samþykktar.

Þegar samþykki er komið frá stjórn Fimleikasambandsins er valið birt á heimasíðu sambandsins, leitast skal við að það komi inn að morgni dags.

Valið er trúnaðarmál þangað til það hefur verið birt á síðu Fimleikasambandsins.“

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir þessa verkferlana og felur sviðsstjóra landsliðsmála framkvæmd þeirra.

2. Svar skrifstofu við fyrirspurn frá 11. fundi

Á 11. fundi stjórnar FSÍ voru lagðar fram fyrirspurn til skrifstofu FSÍ. Skrifstofan hefur tekið saman svör við þessum spurningum og má sjá þau hér fyrir neðan.

1) Hvernig standa mál sambandsins varðandi yfirfærslu á dómaramálum sem kynnt var á síðasta þingi.

a. Staðan á þessu máli, þ.e. hvaða vinna hefur farið fram

b. Framkvæmdaáætlun, þ.e. hvaða vinna á eftir að fara fram og hvenær er áætlað að taka yfir dómaramálin.

Fulltrúar tækninefnda kvenna, karla og hóp fimleika skipuðu sína fulltrúa í dómaranefnd og hefur nefndin hist nokkrum sinnum í haust til að fara yfir dómaramál almennt og það verkefni að færa afgreiðslu dómaramál alfarið yfir á FSÍ.

Á þeim fundum hefur verið sett upp framkvæmdaráætlun um yfirfærslu dómaramála, þar sem nefndin hefur farið yfir þau mál sem snúa að framkvæmdinni. Fram hafa komið þó nokkrar áhyggjur vegna

kostnaðarauka sem að félög þurfa þá að bera, en reikna þarf betur út leiðir og sjá hvað lausn kemur öllum til góða.

Nokkuð auglýst er að mati dómaranefndar, að þessi áætlun mun ekki koma til framkvæmdar fyrr en næsta haust, sérstaklega ef horft er til þess að ferðakostnaður bætist inn í jöfnuna.

Dómaranefndin setti upp ákveðna framkvæmdaráætlun um næstu skref í átt að yfirtöku:

1) Fá upplýsingar frá tækninefndum um ásættanlegan fjölda dómara á mótum. Þessi tala þarf að vera raunhæf til að nota í útreikninga.

2) Reikna út ferðakostnað við mót. Dómarar eru að koma frá Akureyri, Egilsstöðum, Selfoss og Höfn og fleiri stöðum. Einnig er þarf oft að ferja mikinn fjölda dómara norður og Austur á mót og verða þau mót þung fyrir heildarpakkann.

3) Reikna út dómarakostnað í samræmi við þá tölur sem að tækninefndirnar telja ásættanlegar

4) Koma saman nokkrum leiðum þar sem að kostnaður er reiknaður niður á félög og hvernig heildarútlitið á þessum málum komi út.

-Skrifstofan er búin að setja upp reiknilíkan m.v. 1 hóp fimleikamót og 1 áhaldafimleikamót, en það eru ennþá margar spurningar sem þarfa að svara og taka ákvörðun um s.s. ferðakostnað.

2) Hvernig standa mál sambandsins varðandi fræðslumál og þá kröfu hreyfingarinnar að auka fjölda og úrval námskeiða sambandsins.

a. Staðan, þ.e. hvaða vinna hefur farið fram

b. Framkvæmdaáætlun, þ.e. hvaða vinna á eftir að fara fram og hver er tímarammi þess að ný námskeið líti dagsins ljós.

Að hluta til hefur vinna fræðslunefndar verið hefðbundin varðandi uppsetningu á námskeiðum, en um leið þá hafa ný námskeið litið dagsins ljós s.s. Móttökunámskeið og Ör námskeið. Fjöldi námskeiða á haustönn hafa verið um 11 talsins, svo úrval námskeiða hefur verið ágæt.

Umræður hafa átt sér stað innan fræðslunefndar varðandi uppbyggingu fræðslukerfis þó svo að það sé ekki búíð að forma þau nákvæmlega, en ljóst er að horfa má til Danmörku og Svíþjóðar í þeim efnum. Í gögnum fræðslunefndar er að finna mikið af upplýsingum um uppbyggingu fræðslustarfs þó svo að það hafi ekki verið sett formlega fram.

Því miður þá hefur ekki tekist að setja fram framkvæmdaáætlun, en fyrirhugaður er fundir fræðslunefndar strax í febrúar þar sem farið verður í þá þætti. Haustönnin er ávalt erfið varðandi að auka við úrval af námskeiðum, en á teikniborðinu eru ný námskeið fyrir t.d. íþróttakennara þar sem farið er í kennslu á fimleikum.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins þakkar skrifstofu fyrir svarið, en hvetur um leið að vinnu við þessi mál verði hraðað í ljósi umræðu hjá aðildarfélögum. Stjórn telur mikilvægt að byrja vinnu við yfirtöku dómaramála í minni skrefum svo sem að yfirtaka fyrst einungis greiðslur til dómara

Olga Bjarnadóttir og Sólveig Jónsdóttir þurfa að víkja af fundi.

3. Erindi frá FFA, varðandi Colloqium í Bandaríkjunum.

Nefnd um Fimleika fyrir Alla sendir eftirfarandi erindi inn;

„Dagana 13. - 16. mars nk. verður haldin Colloqium á vegum nefndar Gymnastics for all hjá FIG í Orlando í Bandaríkjunum. Nefndin telur nauðsynlegt að sendur verði fulltrúi frá Íslandi eins og gert var á Colloqium í Finnlandi 2012. Mjög gagnleg vinna var unnin í Finnlandi þar sem að fjöldi fólks var samankominn frá flestum heimsálfum. Fundurinn í Orlando er sjálfstætt framhald frá þeim fundi og telur nefndin mikilvægt að eiga fulltrúa þar einnig.

FFA óskar því eftir að fá að senda Sæunni Viggósdóttur á ofangreindan fund.

f.h. FFA, Hlíf Þorgeirsdóttir, Formaður“

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir þetta erindi og felur framkvæmdastjóra afgreiðslu málsins.

4. Fararstjórar á Eurogym, frá FFA.

Á 10.fundi stjórnar FSÍ var samþykkt að 3 fararstjórar á vegum FSÍ verði í forsvari fyrir Eurogym 2014. Nefnd um Fimleika fyrir Alla var beðið að tilnefna fararstjórana.

Nefnd um Fimleika fyrir Alla leggur til að Sæunn Viggósdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Helga Bára Bartels Jónsdóttir verði fararstjórar á Eurogym 2014.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir tillögu FFA og felur framkvæmdastjóra afgreiðslu málsins.

5. Beiðni frá Gerplu vegna Special Olympics.

Gerpla sendir inn eftirfarandi erindi;

„Á síðasta keppnistímabili fengu keppendur Special Olympics hópsins í Gerplu að keppa samhliða Íslandsmótinu í þrepum. Tilraunin gekk vel og var það gríðarlega mikilvægt skref fyrir okkur öll í fimleikahreyfingunni að hópurinn fengi að taka þátt eins og allir aðrir einstaklingar sem stunda keppnisfimleika á Íslandi.

Ég óska nú formlega eftir því að hópurinn fái að keppa samhliða Íslandsmótinu í þrepum sem fram fer á Akureyri í mars 2014, sem sér mótshluti. Einnig óska ég eftir því málið verði tekið fyrir á fundi stjórnar Fimleikasambandsins svo hægt sé að hefja skipulagningu á keppnisfyrirkomulaginu í samráði við tækninefndir.

Krakkarnir eru tíu talsins, fimm stúlkur og fimm piltar og er Gerpla tilbúin að annast framkvæmd og skipulagningu hluta Special Olympics keppenda bæði skipulag og dómgæslu í samvinnu við tækninefnd karla og kvenna.

Með von um góðar undirtektir, Kveðja, Axel Ólafur.“

Framkvæmdastjóri er búinn að senda erindið til umsagnar bæði hjá tækninefnd karla og kvenna. Einnig er framkvæmdastjóri búinn að ræða við mótshaldara, FIMAK, varðandi að bæta þessum keppnishluta við mótið. FIMAK fagnar þessu erindi og býður hópinn velkomin til Akureyrar. TKV tekur

vel á móti Special Olympics hópnum á Íslandsmóti í þrepum árið 2014. Við leggjum til að fyrir næsta keppnistímabil ræði TkV og TK saman um hvort að annað mót henti betur, t.d. Þrepamót. TK tekur vel í þessa hugmynd en leggur til að viðkomandi móti verði sett á mótaskrá og fái þar með sinn sess.

Málið rætt.

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir þessa beiðni og felur framkvæmdastjóra að kanna hvort önnur félög hafi keppendur í sama flokki. Að auki felur stjórn skrifstofu að koma þessu móti inn í mótaskrá og að samdar verði reglur um Special Olympics hópinn í fimleikum.

Eftirfarandi Fundargerðir hafa borist frá tækninefndum;

-FFA 20.nóv

-FFA 3.jan

-THF 25.nóv

-TK 16.nóv

-TK 4.des

-TK 8.jan

Stjórn FSÍ getur ekki samþykkt fundargerð TK frá 16.nóv, vegna 4.lið í þeirri fundargerð.

Fundi slitið kl. 21:40.